

## ERINDISBRÉF fyrir umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd Hvalfjarðarsveitar.

### 1. gr.

#### *Stjórnskipuleg staða*

Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd heyrir undir sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar.

### 2. gr.

#### *Skipan nefndarinnar*

Í umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd eiga sæti fimm fulltrúar sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Hvalfjarðarsveitar. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara.

Auk nefndarmanna á sveitarstjóri eða staðengill hans og skipulags- og umhverfisfulltrúi rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Nefndinni er auk þess heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd kýs formann, varaformann og ritara nefndarinnar á fyrsta fundi sínum nema sveitarstjórn ákveði annað.

Skipulagsfulltrúi er starfsmaður nefndarinnar.

### 3. gr.

#### *Hlutverk*

Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd fer með lögbundin verkefni sem tengast málaflokkum sem undir hana falla. Um er að ræða verkefni skipulagsnefndar skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, náttúruvernd skv. 11. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, landgræðslu sbr. lög nr. 17/1965, úrgangsmál samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, verkefni v/ ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, verkefni samgöngu- og umferðarnefndar samkvæmt 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, yfirstjórn fjallskilamála skv. lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, umsjón með refa- og minkaeyðingu skv. lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994, umsjón og ráðgjöf

um búfjárgirðingar skv. girðingalögum nr. 135/2001, dýraeftirlit sbr. ákvæði laga um velferð dýra nr. 55/2013.

Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi:

- Að vera sveitarstjórn sem og öðrum nefndum sveitarfélagsins til ráðuneytis á sviði skipulags-, umhverfis-, náttúrverndar- og landbúnaðarmála.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um stefnumótun í skipulagsmálum og gera tillögur til sveitarstjórnar um skipulagsmál á grundvelli skipulagsлага. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að stefnumörkun og samþykktum sveitarstjórnar sé fylgt.
- Að leiða stefnumótun og gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnu í umhverfis- og náttúruverndarmálum, skipulagsmálum og umferðarmálum og öðrum þeim málaflokkum sem undir nefndina heyra.
- Að veita umsögn um framkvæmdaleyfi sbr. ákvæði skipulagsлага nr. 123/2010 og leyfi til skiptingar jarða, landa, lóða og breytinga á landamerkjum skv. 48. gr. sömu laga.
- Að fara með skipulagsmál, þ.m.t. umhverfismat skipulagsáætlana, undir yfirstjórn sveitarstjórnar.
- Að hafa umsjón og eftirlit með gerð umhverfisáætlana fyrir sveitarfélagið.
- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnu í málefnum er varða gróðurvernd, fjallskil, búfjárgirðingar og refa- og minkaeyðingu.
- Að hafa eftirlit með aðilum sem vinna að landbúnaðarmálum á vegum sveitarfélagsins og fylgjast með því að þeir vinni að settum markmiðum í samræmi við lög.
- Að fara yfir tillögur forstöðumanna að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar svo og starfsáætlun hvers árs.
- Að fylgjast með og vera þáttakandi í vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar vegna iðnaðarsvæðisins á Grundartanga.
- Að hafa umsjón og eftirlit með framkvæmd úrgangsmála, skipulagi sorphirðu, árstíðarbundnum hreinsunarverkefnum og því er almennt tengist málafloknum.
- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um umhverfismál, fegrún umhverfis, Að sjá um samskipti við heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefnd Vesturlands.
- Að móta tillögur og vera sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi hlutverk sveitarstjórnar í ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum.
- Að taka fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmdar í C flokki skv. 1. viðauka við lög nr. 106/2000, þegar sveitarfélagið er sjálfst framkvæmdaraðili, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi samstarf við önnur sveitarfélög, hagsmunaaðila, samstarfsaðila og einstaklinga um málefni sem undir nefndina heyra.
- Að stuðla að aukinni fræðslu um náttúruvernd m.a. réttindi og skyldur opinberra aðila, landeigenda og almennings.
- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið og úrbætur í málaflokkum sem falla undir verksvið nefndarinnar, sé haldin.
- Að hafa eftirlit með því að stefna sveitarstjórnar á hverjum tíma, í málaflokkum sem falla undir verksvið nefndarinnar, sé haldin.
- Að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðgjafar í málaflokkum sem falla undir verksvið nefndarinnar.

#### **4. gr.**

##### *Starfshættir*

Í störfum sínum skal umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfsvið hennar heyra. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn og fundarskóp Hvalfjarðarsveitar eftir því sem við á eins og hún er hverju sinni.

Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd skal í upphafi kjörtímabils setja sér aðgerðaráætlun um meginmarkmið í starfsháttum og hvernig hlutverk nefndarinnar verði leyst á faglegan og skilvirkan hátt. Aðgerðaráætlun skal lögð fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma að jafnaði einu sinni í mánuði. Skal nefndin gera samþykkt um þennan fundartíma á fyrsta fundi sínum að höfðu samráði við skipulags- og umhverfisfulltrúa.

Skipulagsfulltrúi sér um að boða nefndina til fundar í samráði við formann hennar og sjá þeir sameiginlega um undirbúning funda hennar. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Fundarboð skal sent fulltrúum í nefndinni og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólahringum fyrir fund. Heimilt er að senda fundarboð (dagskrá) rafrænt til nefndarmanna með tölvupósti og fundarboðið ásamt fylgigögnum er þá aðgengilegt rafrænt í gegnum aðgang kjörinna fulltrúa inn á fundargátt sveitarfélagsins.

Formaður umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefndar stýrir fundum nefndarinnar í samræmi við ákvæði samþykktar um stjórn Hvalfjarðarsveitar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Nefndin skal halda gerðabók. Kjörinn eða ráðinn ritari færir fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginnefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana.

Um ritun fundargerða skal að öðru leyti farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórnar, samanber auglysingu þess efnis nr. 22/2013, sem sett hefur verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlagi.

Fundarboð og fundargerðir nefnda skal vinna og varðveita í viðurkenndu skjalavistunarkerfi t.d. One system og skal starfsmaður viðkomandi nefndar bera ábyrgð á eftirfylgni þessa ákvæðis.

Fundargerðum kemur skipulagsfulltrúi eða formaður nefndarinnar strax að fundi loknum til sveitarstjóra og sér hann um að hún verði lögð fram með dagskrá næsta sveitarstjórnarfundar. Skipulagsfulltrúi sendir fundarmönnum afrit af fundargerð nefndarinnar ásamt afgreiðslu sveitarstjórnar.

Formaður nefndar ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli nefnda þegar það á við. Formenn nefnda skulu halda a.m.k. einn sameiginlegan fund á ári t.d. í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar eða

þegar verkefni nefnda skarast eða ef mál þarfnað umfjöllunar í fleiri en einni nefnd.

## 5. gr.

### *Eftirfylgni*

Formaður umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefndar og aðrir fulltrúar í nefndinni skulu, eftir því sem við á, snúa sér til skipulagsfulltrúa, umhverfisfulltrúa eða sveitarstjóra með eftirfylgni staðfestra samþykkta nefndarinnar.

## 6. gr.

### *Réttindi og skyldur*

Um réttindi og skyldur fulltrúa í umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Hvalfjarðarsveitar.

Fulltrúa í nefndinni er skylt að sækja fund nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða varamann sinn og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi í nefndinni á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann upplýsingum um efni þess til skipulagsfulltrúa með þeim fyrirvara a.m.k. þremur sólahringum fyrir fund.

Fulltrúar í nefndinni skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum, reglugerðum og samþykkt um stjórn Hvalfjarðarsveitar í atkvæðagreiðslu um málefni í skipulags- umhverfis- og náttúruverndarnefnd.

Fulltrúar í umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir ábyrgðar- og eftirlitssvið nefndarinnar og nefndin hefur ekki boðvald yfir starfsfólk sveitarfélagsins.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og eiga að fara leynt samkvæmt lögum, eðli máls eða samþykktum 2/3 hluta fulltrúa í nefndinni, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúar í nefndinni skulu kynna sér vandlega lagareglur um hæfi til afgreiðslu einstakra mála. Fulltrúa í nefndinni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því og ef við á víkja af fundi við umræðu og afgreiðslu máls.

Samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 10. maí 2022